

Hvatningarstyrkir Vísindasjóðs Landspítalans

Vísindasjóður Landspítala auglýsir eftir umsóknum um hvatningarstyrk

Vísindasjóður Landspítala auglýsir til umsóknar allt að þrjú hvatningarstyrki, hvern að upphæð 5 milljónir króna. **Umsóknarfrestur er til miðnættis 1. nóvember 2016 og sendist til visindarad@landspitali.is**

Vísindaráð Landspítala metur umsóknir fyrir hönd Vísindasjóðs. Nota skal sérstakt umsóknareyðublað með heitinu Hvatningarstyrkur Vísindasjóðs Landspítalans 2016.

Ekki er ætlast til að þau sækji um sem áður hafa fengið hvatningarstyrk frá Landspítalanum.

Nánari upplýsingar hjá Jóhönnu Gunnlaugsdóttur (johgunnl@landspitali.is) s. 543-6179 eða Oddnýju Gunnarsdóttur s. 543-1470 (oddnygun@landspitali.is), skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóri lækninga, vísindadeild.

Markmið

Tilgangur hvatningarstyrkja Vísindasjóðs Landspítalans er að styrkja rannsóknir sterkra rannsóknarhópa á Landspítala sem þegar hafa öðlast alþjóðlega viðurkenningu, m.a. með birtingu vísindagreina í alþjóðlegum vísindaritum og öflun stórra styrkja.

Umsækjandi skal:

- vera í föstu starfi á Landspítala í a.m.k. 30% starfshlutfalli.
- hafa mikla reynslu af stjórnun umfangsmikilla rannsóknarverkefna sem hafa leitt til birtinga í alþjóðlegum virtum vísindaritum.
- hafa aflað stórra styrkja til vísindarannsókna sinna.

Sérstaklega verður horft til þess hvort umsækjendur eru í innlendu og erlendu samstarfi, hvort þeir hafi sýnt frumkvæði í rannsóknum sínum og séu aðalhöfundar á greinum. Einnig verður tekið tillit til áhrifastuðuls tímarita og fjölda tilvitnana. Aðrir þættir sem bera merki um alþjóðlega viðurkenningu eins og t.d. boðsfyrirlestrar, störf sem andmælendur við doktorsvarnir, verðlaun, seta í ritstjórn vísindarita eru einnig metnir.

Um sé að ræða samstarf öflugs hóps vísindamanna og þátttöku meistara- og/eða doktorsnema og að rannsóknahópurinn styðji við og styrki vísindastarf og myndun þekkingarklasa innan Landspítala

Úthlutun styrkja

Gert er ráð fyrir að úthlutun styrkja fari fram í byrjun desember 2016. Styrkhafar halda þá stutta opna kynningu á rannsóknarverkefnum sínum.